

Sp.

253. Nefndarálit

[70. mál]

um till. til þál. um greiðslu dýrtíðaruppbótar á ellilaun og örorkubætur.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn, 7 menn í nefndinni, mun vilja vísa málinu frá með tilvísun til þess, að verið sé að endurskoða tryggingalögin. Einn nefndarmanna (Gísli Guðmundsson) sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Ég vil hins vegar samþykkja tillöguna óbreytta.

Samkvæmt upplýsingum frá tryggingaráði telur það, að unnt sé að greiða helming upphæðarinnar úr tryggingasjóði fyrir bótatímabilið frá 1. júlí 1949 — 30. júní 1950 án þess að hækka framlög hins opinbera eða iðgjöld til sjóðsins, ef tekjuafgangur trygginganna undanfarin ár er ekki skertur.

Nú hefur Alþingi fallizt á að greiða 20% uppbót á laun opinberra starfsmanna og eftirlaunafólks, og er sú ákvörðun miðuð við tímabilið frá 1. júlí 1949 og þangað til fjárlög yfirstandandi árs hafa verið afgreidd. Verður það ekki talin sanngirni að skilja gamalmennin og öryrkjana eftir, þegar um slíkar uppbætur er að ræða vegna vaxandi dýrtíðar. Enn fremur má á það benda, að þær greiðslur ná hlutfallslega jafnt til þeirra, sem hæst voru launaðir fyrir, sem hinna, er aðeins höfðu brýnustu þurftarlaun. Nú má fullyrða, að það fólk, sem eingöngu þarf að lifa á ellilaunum eða örorkustyrk, eigi öllum öðrum fremur við erfiðan fjárhag að búa, og því tel ég á engan hátt forsvaranlegt, að því sé ekki veittar sams konar uppbætur og fyrrnefndum aðilum. Þess vegna legg ég til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 20. jan. 1950.

Ásmundur Sigurðsson.